

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun
Áb. _____
29. nóv. 2010 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. nóvember 2010  
Tilvísun: UST20101000100/ksj

### Skemma við sumarhús í landi Nesja á verndarsvæði Þingvallavatns

Við er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnæssýslu er barst 25. október sl. þar sem óskað er umsagnar um umsókn um heimild til að reisa geymslu á stakri frístundalóð í landi Nesja. Erindinu fylgir afstöðuuppráttur dagsettur í september 2010.

Í erindinu er óskað heimildar um að reisa 50 – 60 fermetra skemmu á tæplega 4 ha frístundalóð í landi Nesja.

### Frístundalóð Klumba

Ofangreind frístundalóð sem er alls tæplega 4 hektarar, er staðsett á bökkum Þingvallavatns nánar tiltekið á eystri bakka Hestvíkur. Aðkoma er að sunnan, og er liggur vegur að núverandi bústað og geymsluhúsi meðfram nýjum byggingarreit. Samkvæmt upprætti er gert ráð fyrir að 50 metra fjarlægð sé frá bakka Þingvallavatns að byggingarreit geymslunnar.

### Verndarsvæði Þingvallavatns

Frístundalóðin Klumba er inni á verndarsvæði Þingvallavatns, en um verndarsvæðið gilda lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Þar sem áætlun felur í sér framkvæmd á ofangreindu verndarsvæði er mikilvægt að öllu raski verði haldið í lámarki og meðferð mengandi efna verði í samkvæmi við ákvæði ofangreindra laga, reglugerð og aðgerðaráætlun fyrir verndun vatns sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

### Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum


Þar sem ofangreind frístundalóð liggur að vatninu og sýnd er á upprætti girðing er gengur í vatnið bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt gr. 4.15.2, Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir: „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal


Þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“

### Almannaréttur

Í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur fram í 23. grein sem fjallar um girðingar; „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.“ Að mati Umhverfisstofnunar ætti að tryggja greiðan aðgang gangandi manna meðfram vatninu við Klumbu.

Virðingarfyllt

  
Olafur A Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun

